

Fundargerð 34. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2017, miðvikudaginn 7. júní kl. 18:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar á Patreksfirði.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Björgvin Guðmundsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Bjarni Theódór Bjarnason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - ársreikningur 2016 - 1701003SU

Lagður fram ársreikningur samtakanna fyrir árið 2016 áritaður af reikningshaldara og skoðunarmönnum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með undirritun stjórnarmanna.

2. Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1701001SU

Lagt fram frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Samtökin munu ekki senda frá sér formlega bókun að þessu sinni en taka að hluta til undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga en telja að umsögn sambandsins gangi hvergi nærri nógu langt. Óskar stjórn eftir því að sambandið vinni hið fyrsta úttekt á því hvernig fyrirkomulag skipulags á haf- og strandsvæðum er í nágrannalöndum okkar.

3. Sjávarútvegsfundur 2017 - 1705001SU

Samkvæmt 9.gr. samþykta samtakanna skal halda sjávarútvegsfundur annað hvert ár. Sjávarútvegsfundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður.

Samþykkt að halda sjávarútvegsfundinn 7. september 2017 á Siglufirði. Skipulag ráðstefnunnar verður í höndum stjórnarmanna.

Fundi var slitið kl. 19:15